


Surtseyjarfélagið
Borgþór Magnússon
P.O.Box 352
121 Reykjavík



Reykjavík, 20. júní 2014
Tilvísun: UST20140500236/þvb

Fararleyfi til Surtseyjar-Viðhald Pálsbæjar

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Borgþórs Magnússonar, fyrir hönd Surtseyjarfélagsins, dagsett 27. maí 2014 þar sem óskað er eftir heimild Umhverfisstofnunar til að fara til Surtseyjar 4 daga í ágúst til að sinna viðhaldi Pálsbæjar. Farið verður með þyrlu Landhelgisgæslunnar út í eyjuna.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey vegna viðhalds Pálsbæjar.

Kominn er tími á nauðsynlegt viðhald Pálsbæjar, mála þarf húsið að utan, bera á tréverk, lakka gólf inni í húsinu, o.fl., velja þarf þurra daga til verksins, tekur 3-4 daga. Surtseyjarfélagið fær sjálfboðaliða til að vinna verkið, ekki fullljóst enn hverjir það verða. Tímasetninga ferðarinnar ræðst af veðri og samkomulagi við Landhelgisgæsluna sem mun ferja leiðangursmenn til Surtseyjar.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila í fjóra daga í ágúst 2014. Með í för verður starfsmaður friðlandsins eða staðgengill hans sem mun veita aðstoð við viðhald Pálsbæjar ef því verður við komið. Um leið og nánari tímasetning leiðangursins kemur í ljós skal leiðangursstjóri hafa samband við Umhverfisstofnun með tímasetningar leiðangursins og lista yfir leiðangursmenn.

- **Hallgrímur Daði Indriðason (eða staðgengill), Surtseyjarfélag, leiðangursstjóri**
- Hallgrímur Jónasson, formaður Surtseyjarfélagsins
- N.N., Surtseyjarfélag
- N.N., Surtseyjarfélag

Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Borgþór Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands.

